

**Nefndasvið Alþingis**  
**Efnahags- og skattanefnd**  
**b/t Eiríks Áka Eggertssonar**  
**nefndarritara**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**

Reykjavík, 28. apríl 2008.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, með síðari breytingum (527. mál).

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp þar sem lagt er að tiltekin félög hafi starfrækta endurskoðunarnefnd.*

Að mati Viðskiptaráðs er afar óljóst hvernig skipað skal í endurskoðunarnefnd þessa. Hvorki ákvæðið né greinargerðin svara því t.a.m. hvort að nefndin geti alfarið verið skipuð stjórnarmönnum. Því má þó svara með því að gagnálykta út frá orðalagi ákvæðisins þar sem segir að framkvæmdastjóri félagsins skuli ekki eiga sæti í nefndinni, en þar með hlýtur öllum öðrum aðilum að vera það heimilt. Það skaðar þó aldrei að taka af allan vafa með einfaldri útskýringu í greingargerð frumvarpsins.

*Viðskiptaráð leggur til að athugasemdir frumvarpsins við a. lið 2. gr. beri með sér að endurskoðunarnefndin geti verið alfarið skipuð stjórnarmönnum og að það sé stjórnar félagsins að meta hverju sinni óháði og sérfræðipækkingu nefndarmanna.*

Viðskiptaráð telur enn fremur að nýta hefði átt undanþáguheimild 5. tl. 2. mgr. 41. gr. tilskipunarinnar en þar segir:

*„Aðildarríkin geta heimilað eða ákveðið að ákvæðin, sem mælt er fyrir um í 1. til 4. mgr., gildi ekki um þau fyrirtæki, sem varða hagsmuni almennings, sem hafa stofnun, sem hefur með höndum sambærilegt hlutverk og endurskoðunarnefnd hefur og sett er á stofn og starfar í samræmi við ákvæði, sem sett eru í aðildarríkinu þar sem fyrirtækið, sem á að endurskoða, er skráð. Þegar svo ber við skal greina frá því hvaða stofnun hjá aðilanum annast þessi störf og hvernig hann er samsettur.“*

Með því að nýta ofangreinda heimild er fyrirtækjum veittur valmöguleiki um hvers lags stofnun þau setja á fót til að sinna þessum verkefnum, en sveigjanleiki af því tagi er ávallt æskilegur í því alþjóðlega markaðsumhverfi sem íslensk fyrirtæki starfa nú í. Enn fremur væri komið í veg fyrir að þær stofnanir sem nú þegar sinna þessum verkefnum þurfi að taka óþarfa formbreytingum verði frumvarpið að lögum.

Breska fjármálaeftirlitið (FSA) mun nýta sér framangreinda undanþáguheimild við innleiðingu reglugerðarinnar í *Disclosure Rules and Transparency Rules Sourcebook (DTR)*. FSA leggur til að a.m.k. einn aðili innan stofnunarinnar verði óháður og a.m.k. einn hafi þekkingu og reynslu á sviði endurskoðunar og reikningsskila, en þetta getur verið eini og sami maðurinn. FSA ætlar sér ekki að leggja til mælikvarða á óhæði né þessa sérfræðiþekkingu heldur er hverju félagið falið að meta það í hverju tilviki fyrir sig. Álit FSA á tilskipuninni fylgir með umsögn þessari.

*Viðskiptaráð leggur til að a. lið 2. gr. frumvarpsins verði breitt á þá leið að bætt verði við málsgrein þar sem kveðið er á um undanþágu frá stofnun endurskoðendaneftir séu fyrirtæki tengd almannahagsmunum með stofnun sem hefur með höndum sambærilegt hlutverk og endurskoðendaneftir hefur. Viðskiptaráð leggur enn fremur til að í athugasemdum með þeirri málsgrein verði kveðið svo á um að nægilegt sé að a.m.k. einn aðili þeirrar stofnunar sé óháður einingunni og a.m.k. einn hafi þekkingu og reynslu á sviði endurskoðunar og reikningsskila. En það skal vera eftirlátið stjórn félagsins að meta framangreint hverju sinni. Athugasemdirnar ættu einnig að bera með sér að þetta geti verið eini og sami maðurinn og að hann geti verið úr röðum stjórnarmanna.*

**Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái ekki óbreytt fram að ganga.**

Virðingarfyllst,

*Haraldur I. Birgisson*

---

Haraldur I. Birgisson  
Lögfræðingur Viðskiptaráðs